

D13 Fjarúttektir

1. Eftirfarandi eru leiðbeiningar ISAC um framkvæmd úttekta í gegnum rafrænan búnað (hér eftir nefndar fjarúttektir).
2. Fjarúttektir eru, að öllu jöfnu, hugsaðar til að koma til móts við sérstakar aðstæður sem hafa komið upp.
 - 2.1 Upphafs- og endurmat er að öllu jöfnu ekki framkvæmt á rafrænan máta.
 - 2.2 Það er eingöngu ISAC að ákveða hvort það er ákjósanlegur kostur að framkvæma fjarúttekt á faggiltum aðila og hvort slík úttekt geti farið fram.
 - 2.3 Hvert og eitt tilfelli er metið sérstaklega og áhættugreining framkvæmd svo tryggt sé að markmiði úttektarinnar náist.

3. Nauðsynleg atriði

3.1 Tækjabúnaður

- 3.1.1 Fjarúttekt getur aðeins farið fram ef réttur búnaður og aðstaða er til staðar. Matsteymi ISAC og starfsfólks samræmismatsstofu þarf að hafa hæfni og aðbúnað til að notast við í úttektinni. Áður en úttekt fer fram þarf að meta hvort hæfni og aðstaða bæði matsteymis ISAC og samræmismatsstofu uppfylli leiðbeiningar í þessu skjali. Gæði netsambands skiptir einnig máli. Hægt internettenging og lélegur tölvubúnaður geta hægt það mikið á fjarúttekt að hún verði ófullnægjandi.
- 3.1.2 Samræmismatsstofa skal hafa þann aðbúnað sem þarf til að starfsfólk hennar geti tekið þátt í fjarúttekt og að þau geti í úttektinni sýnt þau gögn sem þarf.
- 3.1.3 Samræmismatsstofan þarf að hafa fjarfundarbúnað til notkunar í fjarúttekt. Notast verður við Microsoft Teams nema gild rök séu til notkunar á öðrum fjarfundarbúnaði. Samræmismatsstofa þarf ekki að kaupa leyfi eða hugbúnað fyrir úttekt en mælt er með því að hún setji upp Microsoft Teams forritið sem hægt er að hlaða niður ókeypis.
- 3.1.4 Samræmismatsstofa skal sjá til þess að starfsfólk hennar þekki tæknina sem notuð er í fjarúttekt, sérstaklega hvernig stilla skal hljóð og deila skjá, til þess að forðast óþarfa tafir.
- 3.1.5 Fyrir fjarúttekt þarf tölvu með;
 - internettengingu
 - hljóðnema og hátalara eða tengda við heyrnartól með hljóðnema
 - myndavél
 - getu til að vinna í gegnum Microsoft Teams

3.2 Starfsfólk

- 3.2.1 Lykilstarfsfólk að vera til taks þegar farið er yfir mál þeim tengd og til að svara spurningum matsteymis ISAC.
- 3.2.2 Starfsfólk með sérstaka tækniþekkingu og stjórnendur skulu vera til taks eins og þörf krefur.
- 3.2.3 Stjórnendur eða fulltrúar þeirra skulu vera viðstaddir viðeigandi hluta úttektarinnar sem og upphafs- og lokafund.

3.3 Trúnaður, öryggi og gagnavernd

- 3.3.1 Mikilvægt er að vernda trúnað og öryggi þegar notast er við upplýsingartækni sama hvort úttekt fari fram á staðnum eða rafrænt. Fara skal yfir hvernig trúnaður og öryggi er tryggt við á upphafsfundi úttektar eins og venjulega er gert úttektum.
- 3.3.2 Almenna reglan er sú að hvorki er tekið upp mynd né hljóð né geymdar myndir af fólki nema það sé nauðsynlegt til þess sýna fram á að kröfur séu/séu ekki uppfylltar s.s. við framkvæmd samræmismats.
- 3.3.3. Ef matsteymi tekur skjáskot mun það upplýsa samræmismatsstofu um að skjáskot hafi verið tekið.
- 3.3.4 Í sumum tilvikum eru öryggiskröfur þannig að ekki er hægt að notast við upplýsingatækni í úttekt. Í þeim tilvikum verða aðrar ráðstafanir gerðar.

4. Framkvæmd fjarúttekta

4.1 Almenn


- 4.1.1 Dagskrá fjarúttektar er svipuð þeirri sem framkvæmd er á staðnum. Upphafs- og lokafundir eru haldnir ásamt því að farið yfir gögn til að sannreyna að hæfniskröfur séu áfram uppfylltar. Einhverjar breytingar eru samt sem áður óhjákvæmilegar. Einstaka dagskrárliðir gætu tekið lengri tíma en áður. Það getur verið mismunandi hvaða kröfur staðals er farið yfir í úttektinni. Úttekt getur verið skipt upp þannig að ekki allir hlutar hennar séu framkvæmdir á sama tíma.
- 4.1.2 Mælt er með þegar úttektir eru rafrænar að bæði faggildingarstofa og samræmismatsstofa nýti sér tæknina til að deila skjáum og vefmyndavélar. Það verður til þess að samræmismatsstofa getur þurft að senda færri gögn til ISAC. Matsmenn geta hins vegar beðið um að fá send gögn til yfirferðar þar sem það getur aukið skilvirkni úttektarinnar. Samræmismatsstofan er þá beðin um að senda gögnin með tölvupósti. Öll gögn sem send eru með þeim hætti falla undir sama trúnað og gagnaöryggi eins og önnur gögn sem ISAC fær í úttekt.

4.2 Undirbúningur fyrir fjarúttekt

- 4.2.1 Upplýsingar um gögn sem þurfa að berast fyrir úttekt er að finna í *D12-Skil á gögnum fyrir faggildingarmat eða eftirlit*.
- 4.2.2 Að auki getur matstjóri óskað eftir skjölum og skráum fyrir úttekt eða á meðan henni stendur. Það er allra hagur að hratt sé brugðist við þeim óskum.
- 4.2.3 Matstjóri sendir samræmismatsstofu boð með tölvupósti sem inniheldur hlekk á fjarfundarherbergið þar sem fjarúttekt mun fara fram.

4.3 Úttekt

- 4.3.1 Með því að smella á hlekkinn í fundarboðinu getur samræmismatsstofan tengst við rafrænu úttektina. Samræmismatsstofan getur annað hvort hlaðið niður Microsoft Teams eða notað vafraútgáfuna. Hins vegar gæti verið að vafraútgáfan leyfi ekki allar þær aðgerðir sem forritið býður upp á og er það mismunandi eftir tegundum vafra. Ef samræmismatsstofa kys að nota vafraútgáfu af Teams er ráðlagt fyrir hana að prufa virkniina fyrir úttekt.
- 4.3.2 Hér fyrir neðan eru helstu stjórnatakka Teams sem notaðir eru í fjarúttektinni taldir upp frá vinstri til hægri;



1. Sýna þátttakendur
 2. Sýna spjall
 3. Rétt upp hönd-má ég fá orðið
 4. Aðrar stillingar
 5. Kveikja og slökkva á myndavél
 6. Kveikja og slökkva á hljóði
 7. Deila skjá
- 4.3.3 Líkt og í hefðbundinni úttekt er að stuðst er við dagskrá sem útbúin hefur verið fyrir úttektina.
 - 4.3.4 Samræmismatsstofa mun þurfa að deila skjánum sínum með matsteyminu t.d. þegar hún þarf að sýna gögn máli sínu til stuðnings.
 - 4.3.5 Á meðan á úttektinni stendur getur matsteymið beðið samræmismatsstofuna að senda gögn með tölvupósti. Slíkir póstar skulu sendir til matstjórans með afriti til matsmanns sem bað um gögnin.
 - 4.3.6 Ef í ljós kemur í fjarúttektinni að ekki muni nást að fara yfir öll atriði úttekta á þeim tíma sem áætlaður í úttektina verður önnur úttekt skipulögð til að fylgja því eftir.

- 4.3.7 Matsteymi ISAC getur þurft að aftengjast fjarfundinum í úttektinni til að ræða saman einslega. Samræmismatsstofan skal á meðan vera áfram inni á fjarfundinum þar til matsteymið kemur þangað aftur.
- 4.3.8 Öll frávik sem finnast í úttektinni verða skráð eins og áður og farið yfir þau á lokafundinum. Tímamörk til að loka frávikum eru þau sömu og í öðrum úttektum.

4.4 Fylgst með framkvæmd samræmismats

- 4.4.1 Það að fylgjast með samræmismatsstofu framkvæma samræmismat er ein mesta áskorunin í fjarúttektum. Að undangengnum góðum undirbúningi samræmismatsstofu er hægt að fylgjast með framkvæmd á eftirfarandi hátt:
 - 1. Framkvæmd streymt í beinni útsendingu
 - 2. Framkvæmd tekin upp (recorded)
 - 3. Viðtöl tekin við þá sem framkvæma samræmismat
- 4.4.2 Ef fylgjast á með framkvæmd samræmismats í beinni útsendingu er mikilvægt að mynd og hljóð séu ásættanleg að mati matsstreymis ISAC. Tryggja skal eftir fremsta megni að stöðuleika myndavélar.
- 4.4.3 Ef fylgjast á með framkvæmd samræmismats á upptöku skal það fyrst samþykkt af matsstjóra ISAC. Mikilvægt er að mynd og hljóð séu ásættanleg að mati matsstreymis ISAC. Tryggja skal eftir fremsta megni að stöðuleika myndavélar og mjög mikilvægt er að sá sem framkvæmir samræmismatið lýsi jafnóðum á skýran hátt hvað hann er að gera og hvers vegna.
- 4.4.4 Aðilar sem fylgst var með á upptöku þurfa að vera til staðar þegar upptakan er skoðuð til að geta svarað mögulegum spurningum matsteymis ISAC.
- 4.4.5 Ef kemur upp tengivandi við framkvæmd samræmismats:
 - 1. Skal reyna að tengjast aftur og halda áfram þar sem frá var horfið.
 - 2. Ef ekki reynist unnt að leysa úr tengivanda og ljúka framkvæmd samræmismats innan áætlaðs tíma á dagskrá skal eftirliti hætt og ef þurfa þykir fundinn nýr tími til að fylgjast með framkvæmd.
- 4.4.6 Samræmismatsstofa skal í upptöku og streymi hafa persónuverndarsjónarmið í huga s.s. að setja ekki fólk í mynd sem þurfa ekki að vera í mynd.